

P-mál – hvapað eper núpú þapað?

Þepegapar épeg vapar lípítipill töpölupuðupum vípið strápákaparnipir stupundupum sapamapan ápa pépémápálipi epef vípið vipildupum fepelapa þapað fypyripir öpöðrupum upum hvapað vípið væpærupum apað tapalapa.

Dæmi um framburð p-máls

Eflaust kannast lesendur við að hafa einhvern tíma látið romsu í líkingu við þessa út úr sér, nú eða þá að hafa ærst yfir því að skilja ekki hrognamálið sem krakkahópur á leikvellingum talaði sín á milli.

Hvað er p-mál?

P-mál er gervimál, eða leynimál, sem hefur þekkst á Íslandi síðan a.m.k. seint á 19. öld. Slík mál, sem eru t.d. kölluð *ludlings* eða *language games* á ensku, þekkjast í málsamfélögum víðs vegar um heiminn. Málið er langt frá því að vera séríslensk uppfinning en í Danmörku nefnist áþekkt mál *p-sprog* eða *p-maal*, í Eistlandi *piikeel* og í ýmsum portúgölskumælandi löndum, t.a.m. Brasilíu og Saó Tóme og Prinsípe, þekkist *lingua do pê*. Víða má svo finna býsna svipuð mál, t.d. *g-mál* í tagalog á Filippseyjum og *f-mál* í ítölsku, auk þess sem mýmörg og umtalsvert flóknari leynimál fyrirfinnast annars staðar.

Í ritinu *Íslenzkar skemtanir* sem Ólafur Davíðsson tók saman á árunum 1888–1892 nefnir hann nokkur gervimál og lýsir þeim svo:

„Únglíngar gjöra sér það opt til gamans, að tala á annarlegu máli, eða breyta móðurmáli sínu, með því að bæta ýmsum atkvæðum inn í orðin, sem eiga þar annars ekki heima, eða þá setja ávalt sömu samhljóðendurnar í staðinn fyrir samhljóðendur þá, sem eru í orðunum að réttu lagi. [...] Mál þessi eru nefnd einu nafni djöflapýzka, skollafranska, skollapýzka, djöfliska eða málamiska á Suðurlandi, en ekki þekki eg annað af þeim, að norðan, en djöflisku.“



Reglur P-málsins

Á eftir hverjum sérhljóða er bætt við *P* og sérhljóðinn endurtekinn. T.d. yrði setningin: „Barnaleikritið Gosi var sýnt í Þjóðleikhúsinu“ á P-máli:

„Baparnapaleikritipítiði Goposipi vapar sýpýnt ípi Þjópóðleipeikúpúsipinupu“. Skiljið þið þetta? Hapann papabbipi mipinn kepenndipi mépér P-mápúl, þepegapar épég vapar lípitípil.

Brúðu, sem ég hef sjálfur skapað. GOSA HINN GOÐ-
UMLÍKA.

(Gosa er brint inn. Hann er skreyttur eins og jólatré).

Átrúnaðargoðið okkar hann Gosi hefur nú tekið sér listamannsnafið GOSI MIKLI, á P-máli GO-POSI-PI MI-PIKLI-PI.

Ég bið ykkur öll um að hylla hann og hvetja til dáða með því að hrópa nafn hans: Go-posi-pi Mi-pikli-pi. Látið heyra öllsömun: Go-posi-pi Mi-pikli-pi, Go-posi-pi Mi-pikli-pi.

(Allir í Gervikarleikhúsinu hrópa á Gosa, Logi hvetur einnig áhorfendur til að kalla með).

Villmannadans

(Gosi dansar af öllum mætti, ölvadur í öllu kraðakimu. Hann sleppir sér í löngun sinni til að þóknast áhorfendum og slá í gegn.

Í lok dansins þyrpast bráður, sem nú hafa losnað úr böndum, fjfl og trúðar umbverfis Gosa og kyssa hann og kjassa af miklum fögnuði. Áhorfendur æpa og klappa (aftast úr sal). Jói stendur upp úr sæti sínu og bjóst til brottfarar).

JÓI: Það var og. Hann þarf ekki lengur á mér að halda. Búinn að taka sér listamannsnafn á einhverju P-máli, sem ég skil ekki. Hvað hefur svo stjarna að gera með samvisku? Nú er ég búinn að missa mitt eina hlutverk í lífinu. Ég held ég þoli ekki meira. Ég verð að leggja mig.

(Jói leggst til hvílu á stúkugólf.

Gosi brýst út úr bópnun, rifinn og lættur, móður og uppgjefinn, hvílir sig fremst á viði. Logi kemur og klappar honum).

LOGI: Húrra, húrra, stórkostlegt, þú verður heimsfrægur. Mér þykir reglulega vænt um þig, vænna en um alla hina

Á níunda áratug síðustu aldar kenndi Brynja Benediktsdóttir íslenskum börnum p-mál í gegnum söguna af Gosa.

Hvernig virkar p-mál?

Eitt málanna sem Ólafur fjallar um er umrætt p-mál, eða pémál, sem hann útskýrir svo fyrir lesendum:

„Pémál er þannig. Aptan við hvert atkvæði er bætt púi og hljóðstaf þeim, sem er í atkvæðinu, en ef atkvæðið endar á samhljóðanda, einum eða fleiri, þá er honum eða þeim bætt aptan við viðbótaratkvæðið. Ef t.d. »Eldgamlá Ísafold« er snúið á þetta mál, þá verður það Epeldgapamlapa Ípísapafopold.“

Sem einfalt dæmi mætti taka orðið *kona*, sem á p-máli verður *koponapa*. Aftan við fyrra atkvæðið, *ko*, er púi bætt og sérhljóðið, *o*, endurtekið: *kopo*. Síðara atkvæðið fær sömu meðferð, sem getur af sér *napa*, og þannig verður *kona* að *koponapa*.

koponapa

Kona á p-máli. Rauðu stafirnir tákna viðbætt hljóð.

Epen eper mapálipið svopo epeinfapalt?

Lýsing Ólafs á myndun p-máls rímar ágætlega við tilfinningu mína fyrir málinu og við fyrstu sýn virðist málið fylgja einni einfaldri reglu, þ.e. að sérhvert sérhljóð (V) sé endurtekið og þúi skotið inn á milli.

$V \rightarrow VpV$

Málið er þó ögn flóknara og í málkerfi p-máls virðast vera a.m.k. tvær reglur til viðbótar við þær sem Ólafur nefnir. Í íslensku gildir það almennt að áhersla er á fyrsta atkvæði orðs (og aukaáhersla á hið þriðja, fimmta o.s.frv.) en í p-máli er áherslan á viðbótaratkvæðin, þ.e. þau sem skotið er inn á eftir þínu (númer tvö, fjögur o.s.frv.). Í hefðbundnum íslenskum framburði á orðinu *maður* [ˈmaːðʊr] er áherslan á aið, þ.e. fyrsta atkvæði orðsins, en í p-máli er hún á seinna aið og seinna uið: *mapaðupur* [ˈmaːpʰaːðʊpʰʊr]. Það er því ekki einungis innskot þes sem greinir íslensku frá p-máli heldur einnig áherslureglurnar, sem eru ekkert í líkingu við hinar íslensku.

Seinni reglan ætti að vera þeim ljós sem lært hafa hljóðritun (og gátu ráðið fram úr þessum skrítnu táknum hér að framan) en hún er sú að „upprunalegu“ sérhljóðin eru ávallt stutt í p-máli en lengd viðbótarsérhljóðanna, þ.e. þeirra sem koma á eftir þínu viðbætta, ræðst af lengd sérhljóðanna í hefðbundnum íslenskum framburði. Í íslensku gildir sú meginregla að sérhljóð eru löng ef á eftir þeim fer eitt stutt (eða ekkert) samhljóð. Þannig er aið t.d. langt í *afi* því að á eftir því er stutt eff (vaff í framburði) en í orðinu *pabbi* er það stutt þar sem því fylgir langt bé. Auk þess eru sérhljóð einungis löng í áhersluatkvæðum en í áherslulitlum atkvæðum (t.d. *i*-hljóðið í lok *afi* og *pabbi*) eru þau jafnan talin stutt.

Þetta ferli, þ.e. stytting sérhljóðanna við myndun p-máls, á sér hliðarverkun sem þekkist vel í íslensku máli: einhljóðun stuttra tvíhljóða, sem, samkvæmt Kristjáni Árnasyni, birtist fyrst og fremst í „óformlegu og hröðu tali“. Þegar tvíhljóð einhljóðast renna þau annaðhvort saman í eitt hljóð, einhvers staðar á milli hljóðanna tveggja, eða fremra hljóðið verður ofan á í framburði. Þannig getur orðið *sjór* orðið að *sjor* (o + ú = ó) í hröðu og óformlegu tali og *baun* (ö + i = au) að *bön*. Í p-máli, sem seint verður talið

formlegt og getur svo sannarlega verið talað hratt af þeim sem hafa tileinkað sér það, er orðið *ólán* því borið fram *opólapán* [ʔʔpʔou?la?pʔau?n], frekar en *ópólápán* [ou?pʔou?lau?pʔau?n].

opólapán

Ólán á p-máli. Hér má sjá hvernig tvíhljóðin einfaldast í áherslulitlu oddatöluatkvæðunum.

Þrátt fyrir að p-mál sé e.t.v. bara eitthvað sem „únglíngar gjöra sér til gamans“ – og að ýmis atriði þess sé ekki að finna í hefðbundinni íslensku – er nokkuð ljóst að málkerfi þess stendur á eigin fótum og endurspeglar íslenskt hljóðkerfi eins og því þykir við hæfi. Því velti ég því fyrir mér hvort við séum ekki að leika okkur að málinu – heldur það að okkur.

Heimildir

Agostinho, Ana Livia, og Gabriel Antunes De Araujo. 2021. Playing with language: three language games in the Gulf of Guinea." *Language Documentation & Conservation* (2021).

Bell, Nancy, ed. 2016. *Multiple perspectives on language play* 1.

Kristján Árnason. 2005. *Íslensk tunga: I. bindi. Hljóð. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði*: 135, 256.

Lehiste, Ilse. 1985. An Estonian word game and the phonematic status of long vowels. *Linguistic Inquiry* 16 (3).

Nagaya, Naonori, og Hiroto Uchihara. 2021. Ludlings and phonology in Tagalog. Doktorsritgerð., Tokyo University of Foreign Studies.

Ordbog over det danske Sprog, 16. bindi. 1936.

Ólafur Davíðsson. 1888–92. *Íslenzkar skemtanir*. Hið íslenska bókmentafélag. Bls. 201–202.

Mynd

Brynja Benediktsdóttir. 1982. *Gosi: leikverk byggt á sögunni um Gosa eftir C. Collodi*. Bls. 52–53.